

Vopnafirði 23 mars 2007.

Sælt veri fólkið.

Í dag er síðasti dagur til að skila inn athugasemdum vegna skýrslu ykkar um tengingu frá Hölkná til Vopnafjarðar. Ég hef tekið ákvörðun að senda ykkur fullt af bréfum sem ég hef sett á netið fyrir ári síðan þegar við vorum í kosningarham og einnig bréf sem ég sendi til Sturla og síðar til Sturla og Arnbjargar. Þar með spara ég mér tíma með að telja upp ýmis atriði sem þar standa. Bréfin sem ég setti á netið sl. vor sendi ég Sturla ásamt fleirum bréfum um höfnina hér o.f.l.

Ég er mjög ósátt við að vegur eigi að liggja yfir mýrlendi á hálendi og koma niður í Vesturárdal sem fljótlega verður **AFDALUR**. Þegar ég hef verið að ferðast frá Akureyri er ég alveg búin að fá nóg af vondu veðri þegar ég er búin að aka yfir Mývatnsheiði, Mývatnsöræfi, Víðidal og Langadal. Það er svo mikill léttir þegar ég kem niður brekkuna rétt áður en ég kem að afleggjaranum til Vopnafjarðar því þá er ég oft komin í fínasta veður. Ég nýt þess að keyra niður í átt til Vopnafjarðar þar sem land fer smá lækkandi. En svo gerist það að ég þarf að klifra upp Brunahvammshálsinn eftir að hafa farið yfir Hölkná. Þar mætir mér sama viðbjóðslega veðrið og ég var í áður en ég kom niður úr Langadal. Þetta lagast oft ekki fyrr en ég á eftir tvær til þrjár beygjur í Bustarfellsbrekkunum. Mér er hugsað til Bakkfirðinga sem síðan eiga eftir að fara yfir Sandvíkurheiði sem er ekki há en getur verið algjört veðravíti. Ekki munu þeir stoppa á Vopnafirði ef þeir geta haldið beint áfram til Bakkafjarðar eins og málin standa núna nema eiga brýnt erindi niður í fallega kaupstaðinn okkar. Kannski stoppa þeir á ruslahaugunum og athuga hvort þar séu einhver verðmæti! Á sumrin ferðast ég frá Akureyri í góðu veðri en þegar ég klifra upp Brunahvammshálsinn keyri ég inni þoku og stundu sé ég ekki milli stika. Þar sem vegurinn er mjór þá keyri ég á 10-20 km hraða. Það hefur borgað sig því oft hef ég þurft að mæta bílum. Ef ég hefði leyft mér að keyra hraðar hefði orðið slys og ég völd að dauða annarra. Skiptir þetta ekki máli þegar verið er að velja leið til Vopnafjarðar? Ég man eftir atriði áður en nýi vegurinn var lagður og ég fór frá Langadal og út heiðina. Þá var ég í sól og sumaryl í Langadal en ég sá þokubrún liggja við Brunahvamm. Þegar ég keyrði niður Brunahvamsbrekkuna þá keyrði ég niður í kolsvarta þoku. Þessu atviki gleymi ég aldrei.

Sigurður Ólafsson benti mér nýlega á að faðir hans heitinn, sem var búsettur í Vesturárdal hafi sagt sér að undir Urðafjalli, Vesturárdalsmegin sé algjört veðravíti. Sigurður telur að ef þessi leið verði valin verði þetta hættuleg leið og það kæmi honum ekki á óvart að þarna muni geta orðið umferðarslys í framtíðinni. Í einu af fylgibréfum sem ég sendi ykkur vil ég benda á annan mann sem var búsettur í Vesturárdal. Hann sagði mér að sér kæmi ekki á óvart að við þyrftum stundum að snúa við vegna veðurs á þessum sama stað.

Er þessi vegur gerður fyrir fáeina Vopnfirðinga og Vegagerðina eða fyrir alla VOPNFIRÐINGA? Sorglegt að pólitík skuli blandast inni hvaða leið á að velja.

Ég vil minna á **undirskriftalista** þar sem fólk vildi eindregið fara um láglandi í Hofsrárdal. Listinn var sendur Samgöngumálaráðherra fyrir nokkrum árum. Mér er sagt að um **300 manns** hafi skrifað nöfn sín á þennan lista. Er þetta ekki nægileg rök um hvað Vopnfirðingar vilja?

Ég hef oft hugsað um leiðina frá Akureyri til Skagafjarðar. Í Hörgárdal var vegurinn færður úr brekkunum niður að áreyrunum. Einnig í Öxnadal og vegurinn upp Öxnadalshéiði var lagaður aftur og aftur þangað til að brekkan Akureyrmegin var orðin ágæt miðað við aðstæður. Þegar ég er að keyra á Öxnadalshéiði er snarbratt beggja megin við ána og þar lá vegur upp í brekkunni áður en var færður nær ánni og nú er verið að halda áfram með endurbætur þegar maður beygir frá Öxnadalshéiði í áttina að Norðurá í Skagafirði. Þar er verið að leggja vegi eins nálægt áreyrunum eins og hægt er. Fyrst að þarna var hægt að leggja veg þá er alveg eins hægt að leggja veg á láglandi um Hofsárdal.

Hvers vegna gilda aðrar reglur þegar um vegi til Vopnafjarðar koma upp á teikniborð meistarana hjá Vegagerðinni? Hef ég rétt fyrir mig að þá fara þeir í annarlegt ástand?

Mér dettur oft í hug orð sem Ólafur Ragnar Grímsson lét falla á Alþingi. Hann vildi meina að Davíð Oddsson hefði **“SKÝTLEGT EDLI”** Þetta upplifi ég gagnvart Vegagerðinni og meirihlutanum í hreppsnefnd Vopnafjarðar gagnvart Vopnfirðingum sem eru mjög viturt fólk. Það er fólkið sem vill nútímaveg um Hofsárdal til Vopnafjarðar.

Ég hef beðið almáttugan Guð að gefa ykkur visku og vona ég að ég verði bænheyrð. Vil ég benda ykkur á að það eru þrjár kirkjur á Vopnafirði. Fyrir rúmum fimmtíu árum eða 7.7.1954 var byrjað að grafa grunn fyrir Hvítasunnukirkjunni Fagrahjalla 6. Verið velkomin þangað á samkomur.

Læt þetta duga en ég viðurkenni að ég er mjög hrygg yfir hvernig þið og meirihlutinn í hreppsnefnd Vopnafjarðar hafið komið fram við Vopnafirðinga.

Með kveðju.

Rósa Aðalsteinsdóttir

Ási Vopnafirði.